

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandi Einar M. Jónasson greiði stefndu Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni fyrir hönd Landsbankans 30 krónur í málskostnað innan 8 vikna frá lögbirtingu þessa dóms, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 9/1912.

Stefán Björnsson

gegn

Rich. Ekwall.

Dómur:

Með gestaréttardómi Reykjavíkur uppkveðnum 8. des. 1911 var áfrýjandi þessa máls, Stefán Björnsson kaupmaður í Borgarnesi, dæmdur til að greiða Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd Rich. Ekwall í Halmstad 2313 kr. 94 a. með 6⁰/₁₀ ársvöxtum frá 27. sept. 1907 til borgunardags og málskostnað að skaðlausu. Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 23. febr. f. á., og krafist þess, að dómnum verði breytt þannig, að honum verði að eins gert að greiða vexti af dómsupphæðinni frá 27. desbr. 1909, og að stefndi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir báðum dómum.

Af hálfu stefnda hefir eigi verið mætt í málinu og verður því samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. að dæma það eftir skjölum þeim, er áfrýjandi hefir lagt fram.

Í sókn sinni hér við réttinn hefir áfryjandi krafist þess, að málinu verði vísað frá undirrétti, en þessa kröfu hefir hann ekki tekið upp í áfryjunarstefnuna, og getur hún þegar af þeirri ástæðu eigi komið til álita.

Þ. 22. ágúst 1910 gaf áfryjandi út bréf fyrir hinni umstefndu skuld, og skuldbatt sig þar til að greiða 6% vexti af henni frá 27. des. 1909, og byggir hann á þessu framangreinda kröfu sína. En með því að áfryjandi lét mæta af sinni hálfu fyrir gestaréttinum og vefengdi þar að engu leyti kröfur stefnda, er því voru teknar til greina í dómnum að öllu leyti, er það um seinan að hefja nú fyrir yfirdóminum mótmæli gegn kröfu stefnda og ákvæði dómsins um vaxtagreiðsluna, en það verður að líta svo á, að áfryjandi hafi samþykkt vaxtakröfu stefnda, þó að hún færi lengra en ákvæðið var í áður nefndu skuldabréfi.

Það ber því að staðfesta hinn áfryjaða dóm að öllu leyti, og verður þá málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaðför.